



Hafnarfjarðarbær  
Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri og  
skipulagsfulltrúi  
Norðurhella 2  
221 HAFNARFIRÐI

Reykjavík, 26. nóvember 2013  
Tilvísun: 2013110015  
EBj/BH

### **Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar**

Vegagerðin hefur mótttekið erindi Hafnarfjarðarbæjar, dags. 11.11.2013, varðandi tillögu að endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar. Vegagerðin gerir eftirfarandi athugasemdir og kemur á framfæri ábendingum við skipulagstillöguna:

Vegagerðin vekur athygli á að ekki er samsvörun milli vegalaga og skipulagsreglugerðar um orðanotkun á stofnvegum/stofnbrautum og tengivegum/tengibrautum. Í því sambandi er bent á að Hafnarfjarðarvegur (Fjarðarbraut) nær að Reykjanesbraut í Kaplakrika og er skilgreindur sem stofnvegur í samræmi við vegalög en er tengibraut í aðalskipulagi Hafnarfjarðar (bls. 68). Vegagerðin leggur áherslu á að Hafnarfjarðarvegur verði sýndur sem stofnvegur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Á skipulagsuppdrættinum sjálfum er afar erfitt að átta sig á hvaða götur og vegir eru skilgreindar sem stofnbrautir og hvaða götur tengibrautir.

Á kaflanum frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni er Reykjanesbraut merkt á skipulagsuppdrætti á annan hátt en á öðrum köflum vegarins og er því flokkun vegarins óskýr.

Á bls. 68 í kafla 2.3 Samgöngukerfi í greinargerð segir að áætlað sé að Hafnarfjarðarvegur frá miðbæ Garðabæjar að Engidal verði orðinn 4 akreinar með mislægum gatnamótum árið 2024. Engin ákvörðun hefur verið tekin í þessa veru af hálfu Alþingis við gerð samgönguáætlunar sem gildir frá 2011 - 2022.

Í sama kafla er fjallað um svokallaðan Ofanbyggðarveg. Vegagerðin bendir á að ekki liggur fyrir að vegur þessi verði þjóðvegur, en það mun ráðast af aðalskipulagi sveitarfélaganna Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar og því rými sem sveitarfélögin eru reiðubúin að veita þessum vegi í skipulagsáætlunum sínum auk ákvæða vegalaga um stofnvegi á höfuðborgarsvæðinu.

Í kafla 2.2.19 er m.a. fjallað um sjóvarnir og sagt að gert sé ráð fyrir varnargörðum við Hvaleyrarhöfða. Sennilega er textinn úreltur því að á þessum stað var gerð sjóvörn árið 2006.

Að lokum er rétt að komi fram að Vegagerðin lýsir yfir ánægju sinni með ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar um að flytja Reykjanesbraut aftur á sína gömlu legu á móts við Álverið og fækka mislægum vegamótum sem í fyrra aðalskipulagi voru óeðlilega mörg á stuttum kafla.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Bjarnason, *forstöðumaður áætlanadeildar*